

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

Deiliskipulagsbreyting, Brúarhlöð, L234128, uppbygging ferðamannaaðstöðu.

Um er að ræða tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til uppbyggingar ferðamannaaðstöðu í landi Brúarhlaða. Skipulagið tekur til um 2,5 ha svæðis á austurbakka Hvítár við Brúarhlöð. Í deiliskipulaginu felst heildarskipulag vegna móttöku ferðamanna á svæðinu sem tekur til bílastæðis, göngustígs með áningarstöðum, útsýnispalla og þjónustuhúss þar sem gert er ráð fyrir veitinga- og snyrtiaðstöðu.

Samþykkt í sveitarstjórn 19. september 2024.

Deiliskipulagsbreyting, Borgarás, frístundabyggð.

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi sem tekur til frístundabyggðar Borgaráss. Í breytingunni felst heimild fyrir auknu byggingarmagni innan svæðisins.

Samþykkt í sveitarstjórn 8. júlí 2024.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. september 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 11. október 2024